

HLUTVERK STÝRIHÓPS Í HÆFNIGREININGUM

Stýrihópur

Í stýrihópi sitja fulltrúar hagsmunaaðila auk umsjónarmanns hæfnigreiningar. Þátttakendur í stýrihóp þurfa að hafa þekkingu á starfinu sem ætlunin er að hæfnigreina, þekkingu á sjónarmiðum skjólstaðinga/umbjóðenda á viðfangsefninu og getu til að koma á tengslum við þá sem ættu að taka þátt í greiningarfundunum.

Stýrihópurinn á að vera fámennur (5-6) en ef þörf er á viðtækara samráði má kalla til aðra hagsmunaaðila. Hlutverk stýrihóps í undirbúningi verkefnisins er mikilvæg bæði svo skapa megi sátt um verkefni og tryggja gæði þess.

Fulltrúar í stýrihópi taki þátt í undirbúningi greiningar, þremur greiningarfundum og úrvinnslu á niðurstöðum.

Hlutverk stýrihóps er að:

- Skilgreina markmið og tilgang verkefnis.
- Staðfesta hvaða starf og starfsheiti er unnið með.
- Safna saman tiltækum upplýsingum um starfið, t.d. starfslýsingum frá fyrirtækjum.
- Safna saman upplýsingum um starfsgreinina, t.d. stefnumótun, framtíðarsýn, rannsóknum, skilgreiningum álíka starfa í öðrum löndum eða tengdum námstilboðum.
- Kynna sér hvort og þá hvaða lög eða reglugerðir geti átt við um starfið og þá sem sinna því.
- Ræða hvaða aðila er mikilvægt að hafa með í greiningarvinnunni og hvernig eigi að nálgast þá.
- Samþykkja tímasetningar og staðsetningu greiningarfunda.
- **Velja og boða 10 - 20 þátttakendur á greiningarfundina.**
- Kynna verkefnið fyrir þátttakendum greiningarfunda.
- Samþykkja starfaprófil.

Ferli hæfnigreininga



Hagnýtar upplýsingar

Varðandi þátttakendur á greiningarfundum

Meðlimir í stýrihóp velja væntanlega þátttakendur á greiningarfundina, kynna verkefnið fyrir þeim og fyrirkomulag hæfnigreininga (geta notað til þess kynningarbækling sem er á frae.is).

Miðað er við að þátttakendur í greiningarvinnunni séu 10 til 20 en stefnt skal að 20 manna hópi en lágmarkið er 10. Fulltrúar í stýrihóp taka þátt í greiningarfundunum. **Mikilvægt er að sömu aðilar taki þátt í öllum þremur greiningarfundunum.** Ekki hefur tíðkast að greiða fyrir þátttöku á greiningarfundum en sú regla er ekki algild.

Þátttakendur í greiningarvinnunni þurfa að koma bæði úr hópi stjórnenda og starfsmanna. Huga þarf að mismunandi sjónarmiðum eins og hægt er og t.d. fá þátttakendur bæði af landsbyggðinni og af höfuðborgarsvæðinu, af báðum kynjum, frá stórum og smáum fyrirtækjum og tengdri starfsemi ef það á við. Gott er að hafa einstaklinga sem hafa víða sýn á viðkomandi starfsgrein, tengsl hennar við aðrar greinar og þekkja framtíðarsýn greinarinnar.

Hverjir eru hagsmunaaðilar

Skilgreining hagsmunaaðila er ekki alltaf augljós. Í starfsumhverfi FA eru fulltrúar **stjórnenda** (samtök vinnuveitenda og/eða einstök félög) og **starfsmanna** (stéttarfélög og/eða samtök þeirra) í viðkomandi starfsgrein með í ráðum frá upphafi. Oft eru upptök verkefnis hjá einhverjum þessara aðila (verkkaupa). Aðrir hagsmunaaðilar geta verið mikilvægir þátttakendur í stýrihópi allt eftir eðli verkefnisins og geta það verið t.d. fræðsluaðilar, fræðslusjóðir, fagfélög og starfsgreinaráð.

Um yfirlýsingu til Menntamálastofnunar

Ef niðurstöður greiningavinnu eru hugsaðar sem grunnur að námskrá þarf að taka tillit til krafna Menntamálastofnunar um aðkomu atvinnulífsins að vinnunni en þá er ætlast til að fulltrúar greinarinnar undirriti eyðublað frá stofnununinni. **Í hæfnigreiningarferli FA er gert ráð fyrir að aðilar stýrihóps séu fulltrúar atvinnulífsins og undirriti eyðublaðið þegar námskrá hefur verið send til MMS til vottunar.**